



Endurmenntunareiningar (Continuing Professional Education - CPE) vegna faggildingar í innri endurskoðun (Certified Internal Auditor – CIA)

1 Almennt

Alþjóðasamtök Innri Endurskoðenda (IIA) gerir þær kröfur að þeir aðilar sem hafa faggildinguna í innri endurskoðun, CIA prófgráðuna, viðhaldi þekkingu sinni og færni og fylgist með framförum og þróun í innri endurskoðun í gegnum endurmenntun (CPE). Þetta er stutt með faggiltu sjálfsnámi með lúkningu og skilum á þeim endurmenntunareiningum sem krafist er á tveggja ára fresti.

Þeir sem fengið hafa CIA gráðu þurfa þannig að gera grein fyrir 80 klst. í endurmenntun annað hvert ár. Að jafnaði þurfa þeir því að sækja sér 40 klst. endurmenntun í faginu árlega til þess að halda CIA gráðunni.

Það ár sem skila skal endurmenntunareiningum ræðst af einkennisnúmeri (Identification Number – ID) viðkomandi á þann veg að þeir sem hafa einkennisnúmer sem enda á oddatölu skila skýrslu um endurmenntun sína á ári sem endar á oddatölu og þeir sem hafa einkennisnúmer sem enda á sléttri tölu skulu skila á ári sem endar á sléttri tölu. Sem dæmi má taka:

ID = #33333 (oddatala) skilar 2007-2008 CPE árið 2009.

ID = #22222 (slétt tala) skilar 2006-2007 CPE árið 2008.

Skilafrestur er 31. maí á því ári sem skila ber inn skýrslu um endurmenntunareiningar. Þeir sem eru félagsmenn í FIE/IIA skila skýrslum sínum án gjalds en þeir sem ekki eru slíkir félagsmenn greiða US \$50 færslugjald með skilum skýrslunnar. CIA-gráðuhafar sem ekki mæta endurmenntunarkröfum IIA með skilum á CPE einingum fyrir skilafrest varða sjálfkrafa skráðir óvirkir og mega ekki nota gráðuna.

Nýir CIA-gráðuhafar fá 80 CPE-einingar á því ári sem þeir ljúka prófum. Helmingur þessara CPE-eininga (40) er vegna ársins þar sem prófi er lokið og helmingur (40) vegna ársins þar á eftir. Sá sem lýkur prófi á árinu 2008 þarf því ekki að skila upplýsingum um endurmenntun fyrir en árið 2012 vegna árunna 2010 og 2011.

Sem CIA-gráðuhafi, ert þú ábyrgur fyrir að upplýsingar um CPE-einingar sem þú gefur í skýrslu þinni séu réttar.

Skýrsluform IIA má finna í [online CPE Reporting form](#). Hægt er að senda skýrsluna til IIA með rafrænum hætti í eða prenta hana út og senda í faksi eða pósti til IIA.

Nánari upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem hafa CIA-gráðuna má finna [hér](#). Þá er hægt að hafa samband við *Customer service* (certification@theiia.org).

2 Öflun endurmenntunareininga (CPE)

Hérlendis er hægt að efla endurmenntunareininga með þátttöku í fræðslustarfi á vegum FIE eða FLE.

2.1 Fræðslustarf á vegum FIE

Afla má endurmenntunareininga með þátttöku í viðburðum sem haldnir eru á vegum Fræðslunefndar FIE. Viðburðir eru einkum tvennskónar:

Ráðstefnur:

Haustráðstefna FIE er ávallt haldin í samstarfi við fagaðila á sviði fræðslu og endurmenntunar. Það efni sem tekið er til umfjöllunar hverju sinni hefur yfirleitt verið metið til endurmenntunareininga af þeim fagaðila sem veitir þjónustuna. Oftast er þátttaka í ráðstefnum og/eða námskeiðum metin til 15 endurmenntunareininga.

Fræðslufundir:

Stytttri fræðslufundir sem fræðslunefnd stendur á vegum FIE s.s. Morgunverðar- eða hádegisfundir, eru metnir til 1,5 endurmenntunareininga.

Fræðslunefnd hefur haldið utan um fundasókn vegna ráðstefnu og morgunverðarfunda í þeim tilgangi að geta gefið út staðfestingu á fundasókn.

2.2 Fræðslustarf á vegum FLE

Fræðslustarf á vegum FLE, sem stendur félagsmönnum FIE opið, er metið til endurmenntunareininga af hálfu FLE. CIA-gráðuhafar geta aflað sér endurmenntunareininga með þátttöku í því fræðslustarfi sem þar er boðið upp á. Á sama hátt geta félagsmennt FLE aflað sér endurmenntunareininga með þátttöku í fræðslustarfi á vegum FIE. Finna má upplýsingar um endurmenntunareiningar á heimasíðu FLE (<http://www.fle.is/>)

2.3 Fræðslustarf á vegum IIA

IIA býður upp á fjölmargar leiðir til öflunar endurmenntunareininga s.s. með þátttöku í ráðstefnum og námskeiðum á vegum samtakanna, í gegnum „E-learning“ IIA með þátttöku í Webinars, Virtual Seminars eða Self-Study Courses. Auk þess veitir þátttaka í stafi á vegum IIA endurmenntunareiningar.

E-learning er rekið undir nafni GEAR (Global Education Audit Resources). Þessum kennsluvef er haldið úti í samstarfi við fyrirtækið SmartPros sem hefur langa reynslu í fjarkennslu á netinu. Endurmenntunin á þessum vef er af ýmsum toga t.d. í formi námsefnis eða upptöku funda eða fyrirlestra, sem fluttir eru um efni sem tengist innri endurskoðun. Eftir að þátttakendur hafa kynnt sér viðkomandi kennsluefni eða hlustað á fyrirlestur er tekið próf úr námsefninu. Ef prófið er staðist fær viðkomandi vottorð um það að hann hafi lokið tilteknum klukkustundum í endurmenntun (CPE). Hægt að kaupa einstök námskeið (365-day single subscription) eða gerast áskrifandi til eins árs (365-day combo subscription) og hafa ótakmarkaðan aðgang að ákveðnum fjölda námskeiða áskriftartímanum. Mun hagstæðara er að gerast áskrifandi heldur en að kaupa einstök námskeið. Þessi vefur er tilvalinn fyrir félagsmenn FIE.

Nánari upplýsingar um tækifæri til endurmenntunar á vegum IIA, má finna [hér](#).